

81. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni

haldinn í Stofu íslenskar fræða 25. október, kl. 12:40.

Fundinn sátu Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvardsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, Áslaug Harðardóttir, Heiða Gehringar, Hugrún Harpa Björnsdóttir, Guðni Árnason og Páll M. Skúlason. Elín Einarsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson boðuðu forföll og ekki reyndist unnt að fá varamenn í stað þeirra.

Jóhannes Sveinbjörnsson var á símafundi undir lið 1.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Mötuneytis ML – 1. ágúst 2015 – 31. júlí 2016
2. 3ja árið, niðurstaða vinnu kennara og nemenda 2. bekkjar, 4. og 11. október s.l.
3. Áframhaldandi umræða frá 80. fundi skólanefndar, lið 4. (Sjá heimasíðu, Skólinn-Skýrslur og fundargerðir)
4. Íþróttaaðstaða skólans
5. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fólk velkomið, sérstaklega áfangastjóra Áslaugu Harðardóttur, til síns fyrsta fundar.

Síðan var gengið til dagskrár.

1. **Ársreikningur Mötuneytis ML – 1. ágúst 2015 – 31. júlí 2016**

Jóhannes Sveinbjörnsson tók þátt í fundinum um síma undir þessum lið.

Ragnheiður Bjarnadóttir, gjaldkeri mötuneytis, sat fundinn undir þessum lið. Hún og skólameistari fóru yfir reikninginn og skýrðu einstaka liði hans, m.a. helstu ástæður fyrir að halli á árinu reyndist vera kr. 6.812.086.

Skólanefnd samþykkir ársreikning 2015-16.

Skm. lagði til hækkun um 6,5% á mötuneytisgjaldi og þvottahúsgjaldi um 13% frá áramótum og telur hann þessar hækkanir hóflegar.

Skólanefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögur.

2. **3ja árið, niðurstaða vinnu kennara og nemenda 2. bekkjar, 4. og 11. október s.l.**

Páll kynnti vinnu að undirbúningi fyrir val nemenda 2. bekkjar, fyrir næsta ár, en að henni hafa kennarar og nemendur í bekknum komið. Fyrirhugað er, að þetta val fari fram um miðjan nóvember og vinnan hefur miðað að því að svo geti orðið.

Fram kom ánægja með þessa nálgun að verkefninu og það og annað tengt ungu fólki var rætt í tengslum við þetta.

3. **Áframhaldandi umræða frá 80. fundi skólanefndar, lið 4. (Sjá heimasíðu, Skólinn-Skýrslur og fundargerðir)**

Skm. hafði framsögu. Telur ýmsa óvissuþætti hamla því að rétt sé að taka ákvarðanir varðandi nýtt nám nú, en nauðsynlegt sé að halda umræðunni lifandi..

Ýmislegt þessu tengt var rætt allmikið án þess að sérstaklega væri ályktað um það, með annars var tæpt á hugmynd um aðkomu atvinnulífsins að einhverju slíku námi.

Niðurstaðan varð sú að leyfa hugmyndum sem að þessu líta, að gerjast. Þetta verður rætt frekar á næstu fundum.

4. Íþróttaaðstaða skólans

Skólameistari fjallaði um breytingar sem eru að verða á aðstöðu til íþróttaiðkunar, sem tengjast flutningi íþróttافرæðaseturs. Háskóli Íslands, sem er leigusali, hefur flutt ýmsan búnað úr húsinu án nokkurs samráðs við leigutaka. Hann vill fá að vita hvað verður um íþróttamannvirkin þegar íþróttافرæðasetrið hverfur endanlega af staðnum. Formaður gagnrýndi Mennta- og menningarmálaráðuneyti, sem hann telur sýna framhaldsskólum á Suðurlandi skeytingaleysi. Menntaskólann að Laugarvatni hefur ekki verið kallaður til umræðu varðandi framtíð íþróttamannvirkja á Laugarvatni eftir brotthvarf íþróttافرæðaseturs.

Skólanefnd lýsir miklum áhyggjum af framtíðaríþróttaaðstöðu fyrir skólann þar sem ekki liggur fyrir hvernig rekstri íþróttamannvirkja á Laugarvatni verður háttað eftir að íþróttافرæðasetur verður flutt af staðnum.

5. Önnur mál

a. Skipurit

Skm. kynnti lítilsháttar breytingu sem gerð hefur verið á skipuriti eftir að stofnuð hefur verið staða áfangastjóra í stað aðstoðarskólameistara. Einnig er gert ráð fyrir stöðu fjármálastjóra með þessum breytingum.

b. Ungt fólk 2016

Könnunin var lögð fyrir í síðustu viku. Skm. kynnti könnunina lítillega, afhenti fundarmönnum eintak og hvatti þá til að kynna sér.

c. Bréf formanns skólanefndar MK dags 21. sept., 2016

Form. kynnti bréfið sem er sent til að kanna áhuga á því af hálfu skólanefnda að taka þátt í umræðum um fjárhagsvanda framhaldsskóla þar sem reynt yrði að greina stöðuna og benda á raunhæfar leiðir til úrbóta.

Skólanefnd tekur jákvætt í að taka þátt í verki af þessu tagi og felur formanni að svara erindinu.

Í lok fundar þakkaði formaður Páli fyrir vel unnin störf í þágu skólans og óskar honum velfarnaðar í því sem hann hyggst taka sér fyrir hendur og tóku aðrir nefndarmenn undir það.

Fundi slitið kl. 15:00

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason